

HAFNIR SNÆFELLSBÆJAR
...þar sem Jökullinn ber við loft...



Ólafsvík 21.11. 2018.

Alþingi,
b.t. umhverfis og samgöngunefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Tillaga að samgönguáætlun tímabilið 2019 – 2023.


Í tillögu að samgönguáætlun fyrir tímabilið 2019 – 2023, er gert ráð fyrir 60.0 m. lengingu Norðurgarðs í Ólafsvíkurhöfn árið 2019. Hafnaryfirvöld í Snæfellsbæ hafa lengi óskað eftir 100.0 m. lengingu á garðinum til þess að ná sem mestri kyrrð innan hafnarinnar og betri nýtingu á viðleguköntum. Eftir viðræður við Siglingasvið Vegagerðarinnar er talið að 80.0 m. lenging væri ásættanleg framkvæmd hvað þetta varðar sbr. tölvupóst frá Sigurði Sigurðarsyni verkfræðingi dags. 14.11. s.l.

*„Mjög gróf skoðun á áhrifum lengingar Norðurgarðs um 60 og 100 m:
Mitt best mat byggt á einföldum öldubognunarreikningum er að með 60 m lengingu náist að lækka öldu í hafnarmynni um 8 til 17%, en með 100 m lengingu um 17 til 28%. Það eru sem sagt líkur á að lenging umfram 60 m skili sér hlutfallslega. Spurningin er hve mikið þarf að lækka ölduna sem kemur inn í höfnina þannig að viðleguskilyrði verði ásættanleg?“*

Áætlaður heildarkostnaður m.v. 60.0 m. er kr. 142.2 m. þ.a. ríkisluti kr. 68.8 m. án vsk. ef garðurinn verður 80.0 m. verður heildarkostnaður kr. 189.6 m. þ.a. ríkisluti kr. 91.8 m. án vsk., þannig að þá vantar kr. 23.0 m. án vsk. í ríkishlutann.

Hafnaryfirvöld í Snæfellsbæ fara því fram á að fyrrnefndar breytingar verði gerðar á framkvæmdinni og fjárveitingu til hennar.

Virðingarfyllst,
f.h. Hafnarstjórnar Snæfellsbæjar.


Björn Arnaldsson
hafnarstjóri.



Norðurtangi 5 • 355 Ólafsvík – Snæfellsbæ
kennitala 701294-2709 • sími 433-6922 • fax 436-1676
bjorn@snb.is • www.snb.is

HAFNIR SNÆFELLSBÆJAR
... þar sem Jökullinn ber við loft...



Ólafsvík 21.11. 2018.

Alþingi,
b.t. umhverfis og samgöngunefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Dýpkun Arnarstapahafnar.

Á núverandi samgönguáætlun er gert ráð fyrir dýpkun hafnarinnar á Arnarstapa og var kostnaðaráætlun sem gerð var árið 2016, kr. 35.0 m. og ríkisluti kr. 16.9 m. án vsk. Í ljós hefur komið að kostnaðurinn var vanáætlaður og er nú gert ráð fyrir að hann verði kr. 62.0 m. og ríkisluti kr. 30.0 m. án vsk. Í minnisblaði frá Vegagerðinni dags. 17.05. 2016, kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi öryggisatriði Arnarstapahafnar.


“Þá má benda á öryggisatriði Arnarstapahafnar, þar sem engin höfn er á svæðinu frá Akranesi til Rífs og skiptir þá máli að hafa örugga höfn á svæðinu sem m.a. þessir stóru bátar geta komist inn í og legið þar vandræðalaust.”

Til þess að ljúka þessari nauðsynlegu framkvæmd þá vantar kr. 13.1 m. í ríkishlutann.

Hafnaryfirvöld í Snæfellsbæ fara því fram á að fjármagn verði tryggt til þess að hægt verði að ljúka framkvæmdum.

Meðfylgjandi: Minnisblað frá Vegagerðinni dags. 17.05. 2016.
Minnisblað frá Vegagerðinni dags. 10.10. 2018.
Teikning nr. B-8939b.

Virðingarfyllst,
f.h. Hafnarstjórnar Snæfellsbæjar.


Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Norðurtangi 5 • 355 Ólafsvík – Snæfellsbæ
kennitala 701294-2709 • sími 433-6922 • fax 436-1676
bjorn@snb.is • www.snb.is



Minnisblað – Arnarstapi, dýpkun

Til: Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Björn Arnaldsson hafnarstjóri

Frá: Vegagerðin, Pétur Sveinbjörnsson Verkfræðingur

Dags: 10. október 2018

Varðar: Dýpkun í Arnarstapahöfn

Inngangur:

Þriðjudaginn 14. ágúst síðastliðin voru opnuð tilboð í verkið Arnarstapi, dýpkun 2018. Lægstbjóðandi var Hagtak ehf, tilboð þeirra var kr 57.795.000,- 125,4% af kostnaðaráætlun verkkaupa sem var kr 46.087.000,-. Samkvæmt núverandi samgönguáætlun eru áætlaður heildarkostnaður 35,0 milljónir í verkið, þar af er hluti ríkisins 60% að frádregnum virðisaukaskatti eða um 16,9 milljónir.

Samkvæmt minnisblaði frá Vegagerðinni dags. 17. maí 2016 var kostnaður við þetta tiltekna dýpkunarverk áætlaður 35,0 milljónir króna, umfang verksins samkvæmt því minnisblaði var sambærilegt því sem boðið var út í sumar. Ljóst er að kostnaðurinn var vanáætlaður.

Tillaga:

Samkvæmt útboði náði dýpkunarsvæðið 50 m út fyrir bryggjukant næst landi og svæði þar sem dýpka þarf fastan botn 1.625 m² og rúmmál þess 3.215 m³. Eftir nokkra yfirlegu er lagt til að dýpkunarsvæði fasts efnis verði minnkað. Lagt er til að dýpkunarsvæðið nái 40 m út frá bryggju í stað 50. Teikning B-8939b sýnir útboðsteikninguna ásamt tillögu að breyttum útmörkum dýpkunarsvæðis. Við þessa breytingu verður dýpkað 1.485 m² af föstum botni, rúmmál dýpkunarefnis verður 2.825 m³. Við þessa breytingu verður verktakakostnaður um 54,5 milljónir og áætlaður heildarkostnaður um 62,0 milljónir m/vsk.

Til þess að ljúka þessari framkvæmd með þeim hætti sem lagt er til og nauðsynlegt er, þarf viðbótarfjárveitingu sem nemur auknum heildarkostnaði að upphæð kr. 27.0 milljónir m/vsk. Viðbótar fjárveitingarþörf ríkisins er 60% af upphæðinni að frádregnum virðisaukaskatti eða um 13,1 milljón.



Minnisblað – Amnarstapi, dýpkun

Til: Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Björn Arnaldsson hafnarstjóri

Frá: Vegagerðin, Rob Kamsma og Sigurður Áss Grétarsson

Dags: 17. maí 2016

Varðar: Dýpkun í Amnarstapahöfn

Inngangur:

Að beiðni hafnarstjóra Snæfellsbæjar, Björns Arnaldssonar hefur verið skoðaður möguleiki á dýpkun í Amnarstapahöfn og unnin kostnaðaráætlun vegna dýpkunar. Ástæðan fyrir nauðsyn dýpkunar er fjölgun stórra báta. Þrengslin í höfninni er orðið vandamál þar sem stærðin á svæðinu innan hafnar sem er með fullu dýpi er allt of lítið. Stóru bátarnir sem eru um 15,0 m. langir og allt að 30,0 bt. að stærð eru orðnir níu talsins og er nauðsynlegt að stækka svæðið. Þá má geta þess að oft eru um 20 smábátar í höfninni á Amnarstapa til viðbótar við þessa stóru báta og augljóst er að þrengslin eru mikil og vandræðaástand hefur oft skapast þar. Það hafa orðið tjón á bátum í höfninni vegna þrengsla í slæmu veðri.

Þá má benda á öryggisatriði Amnarstapahafnar, þar sem engin höfn er á svæðinu frá Akranesi til Rífs og skiptir þá máli að hafa örugga höfn á svæðinu sem m.a. þessir stóru bátar geta komist inn í og legið þar vandræðalaust.

Niðurstöður:

Árið 2015 var gerð tillaga um dýpkun miðað við -2,0 m. dýpi en það er orðið allt of tæpt fyrir þessa stóru báta í dag. Þar sem þessar dýpkunarframkvæmdir eru kostnaðarsamar og mörgu leyti hagfelldara að vanda til verks og dýpka sjaldnar er skynsamlegast að dýpkað verði í -3,0 m. á því svæði sem stóru bátarnir eru að athafna sig innan hafnar. Dýpkunarsvæðið þarf að ná 50,0 m. út fyrir bryggjukant næst landi og verður ekki dýpkað nær bryggju en 3,0 m. frá bryggjukanti.

Tillaga:


Teikning B-8939 sýnir dýpkunarsvæði í -3,0 m. dýpi og er heildar dýpkunarsvæðið um 3.000 m² og áætlað magn um 4.250 m³. Um er að ræða klapparbotn og þarf að sprengja (eða fleyga) fyrir dýpkun. Gert er ráð fyrir að ofan á núverandi botni sé um 30 til 50 cm. lag af lausu efni sem verður fjarlæggt með mokstri.

Dýpkunarsvæðinu er skipt upp í tvö svæði. Svæði 1 þar sem dýpi er minna en -2,5 m. og þarf að fleyga allt svæðið. Svæði 2 er svæði með núverandi dýpi í -2,5 m. eða meira og skal það mokað niður í -3,0 m. eða fastan botn.


Áætlaður heildar kostnaður við dýpkun er um 35,0 milj. kr. með vsk og 15% ófyrirséð. Fjárveiting ríkisins er 60% að frádrögnum skatti eða um 16,9 m.kr.

Fjármögnun:

Lagt er til að koma viðkomandi verki inn á samgönguáætlun 2015-18 og vinna það 2016, og skerða á móti fjárveitingu í endurbyggingu stálþils á Rífshöfn 2016 um sömu upphæð.



KENNSSNIÐ
(ekki í kvarða)



HNITASKRÁ

Dýpkun		
Nr.	X	Y
1	280.370,53	482.506,99
2	280.385,70	482.462,24
3	280.431,03	482.449,84
4	280.433,96	482.460,55
5	280.445,44	482.502,46
6	280.413,39	482.511,16
7	280.406,43	482.500,42
8	280.401,24	482.493,81
Losunarsvæði		
9	280.981,73	482.177,38
10	281.031,73	482.177,38
11	281.031,73	482.127,38
12	280.981,73	482.127,38

- Hnitakerfi er Ísnet 93
- Hæðarkótar verksins eru gefnir í hæðarkerfi hafnarinnar.
- Dýptarmælt 2009 (C-3424)

